

# Róbert Haraldsson: „Ég vildi að ég væri með typpi!”

## KENNARINN og VIRÐING

„Strákar, húfurnar af... stúlkur úr úlpunum... þið tveir niður með símana... Sigggi fatur af borðinu... viljið þið svo lækka í ykkur, setjast og snúa fram, takið svo upp bækurnar svo ég geti byrjað kennslustundina... og hvar eru Palli og Doddi?”

„Sýndu nú smá virðingu Nonni minn,” sagði ég við pilt í 10. bekk þegar hann mætti of seint í kennslustund, gekk inn án þess að banka, skellti hurðinni á eftir sér, danglaði í hausinn á bekkjarfélaganum sínum, hlammaði sér í sætið sitt og ropaði. „VIRÐING – hvað er það?” svaraði Nonni um hæl...

Ég gerði litla rannsókn á síðasta skólaári í þremur bekkjum. Ég setti Svala-fernu fyrir framan hurðina á kennslustofunni þegar örfáar mínútur voru eftir af tímanum. Í öllum bekkjunum þremur var Svala-fernan enn á gólfinu þegar ég fór út úr kennslustofunni síðastur manna. Hún var ekki á nákvæmlega sama stað, því einhverjir höfðu rekið sig í hana svo hún færðist úr stað. Stuttu seinna gerði ég svipaða könnun. Ég setti blað á gólfið og bað mismunandi nemendur að taka upp blaðið og setja það í ruslatunnuna sem var skammt frá. Í tíu af tólf skiptum fékk ég svör frá nemendum um að þetta væri ekki þeirra blað eða að þeir höfðu ekki sett blaðið þarna. Einungis tveir nemendur tóku upp blaðið og settu það í ruslatunnuna án þess að segja eitthvað.

Kennarar þurfa daglega að glíma við fjölbreytt verkefni. Að ná athygli og fá nemendur til að fylgjast með er líklega eitt það erfiðasta, ef ekki það erfiðasta í kennslustofunni í dag. Skvaldur, framígrip og truflanir af ýmsum toga er daglegt brauð í kennslustofunni. Endurtekningar til nemenda er líka fyrirbæri sem kennari þarf oft að grípa til. Hvað hefur orðið

af virðingunni fyrir fullorðnum? Hvað hefur orðið af virðingunni gagnvart bekknum? Hvað hefur orðið af virðingunni gagnvart námi? Þessu er ekki auðsvarað og eflaust margt sem hefur haft áhrif á þróun virðingar eða má ég segja virðingarleysis. Getur verið að foreldrar hafi áhrif á börnin sín eða jafnvel samfélagið? Hugsaðu um kennarastarfið, hvar myndir þú merkja við virðingu þína gagnvart kennurum á skalanum 1-10? Það er mjög forvitnilegt að ræða við hinn almenna borgara í t.d. heita pottinum um kennarastarfið. Yfirleitt í byrjun er rætt um hvað kennarar hafa það gott, öll fríin, hætta snemma á daginn og launin séu nú góð miðað við viðveru. Í lokinn hins vegar kemur alltaf það sama frá fólki, „Ég gæti aldrei verið kennari.“ Þetta segir mér það, að innst inni ber samfélagið virðingu fyrir kennarastarfinu, þó margir séu ekki alveg til í að viðurkenna það opinberlega og það endurspeglar oft viðhorf barnanna.

Oft er sagt að þú getir ekki gefið einhverjum öðrum eitthvað sem þú átt ekki sjálf/ur. Hvað með kynslóðina sem er núna að ala upp börnin okkar (foreldrar og kennarar), á hún til nægilega mikla virðingu til að geta gefið hana áfram eða er virðingarleysi samfélagsins orðið svo mikið að erfitt muni reynast að snúa þeirri þróun við? Er hraðinn í nútímasamfélagi að koma í veg fyrir að einstaklingur geti gefið sér tíma til að finna út hver hann er í raun og veru, fyrir hvað hann stendur, hver gildi hans eru eða jafnvel hvernig hann vilji vera? Er uppeldi orðið úrelt hugtak?

Nú er til fjöldinn allur af skóla- og uppeldisstefnum sem hvetja til frjálrsræðis. Leyfum börnum að njóta sín, leyfum börnum að finna þörfina hjá sjálfum sér, leyfum börnum að finna muninn á réttu og röngu. Ungu fólkið í dag vill hafa reglur, því líður illa ef það er of mikið frjálrsræði því þá veit það ekki alveg hvaða stefnu það eiga að taka. Sumir reyna alltaf að ganga eins langt og mögulegt er, helst aðeins lengra! Á þetta bara við um unga fólkið? Erum við ekki öll að ganga eins langt og við getum í lífinu? Er það slæmt? Það er

slæmt ef við gerum það á kostnað annarra og virðing breytist í virðingarleysi.

Þegar ég lít um öxl og velti fyrir mér hvernig kennari öðlast virðingu, þá eru nokkur áhugaverð atriði sem koma upp í huga mér. Að vera strangur, vera með aga, skýrar reglur, standa fast á sínu, vera sanngjarn og samkvæmur sjálfum sér. Fær þá kennari virðingu nemenda sinna? „Þau bera ekki virðingu fyrir þér, þau eru bara hrædd við þig,” sagði einn samstarfskennari við mig eitt sinn, þegar virðing og virðingarleysi nemenda bar á góma. Hafði hún rétt fyrir sér? Önnur samstarfskona kom eitt sinn alveg á háa C-inu úr tíma og gólaði yfir kennarahópinn: „ÉG VILDI AÐ ÉG VÆRI MEÐ TYPPI”. Er móðureðlið í kvenkyns kennurum of ríkjandi þegar kemur að því að vera strangur við nemendur? eru þær „of góðar” við nemendur sína sem ganga þá á lagið og misnota góðmennsku kennarans með virðingarleysi? Eiga „stífar” kennslukonur auðveldara með að halda aga heldur en „góðar” kennslukonur eða er það öfugt? Hvar eru pabbarnir þegar kemur að uppeldinu heima fyrir? Hefur það eitthvað að segja í þessu samhengi? Hverjir sjá um kennsluna að mestu leyti í leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum? Því miður þá styttest í að karlkyns kennarar endi eins og blessaður geirfuglinn. Þetta þýðir að börn fá genin frá báðum kynjum, en læra hegðunina og viðhorf frá einu kyninu. Hér verðum við karlmenn að taka okkur taki og leggja okkar að mörkum. Ef ekki í skólaumhverfinu, þá í það minnsta heima fyrir.

Er ekki tími til kominn að allir taki nú höndum saman og aðstoði börnin okkar og unglunga til að verða góðar manneskjur? Hjálpum þeim með því að temja okkur sjálf notkun á hugtökunum virðing-viðhorf-viðmót-vinnubrögð á réttan hátt.

Það eru fjölmörg spurningamerki í þessari grein minni og vonandi hef ég fengið þig, lesandi góður, til að staldra aðeins við og velta fyrir þér hve mikilvægt það er fyrir okkur, þessa fullorðnu, að snúa þessari þróun við og fara að bera virðingu fyrir öllu í kringum okkur, hvort sem það tengist fólki, hlutum eða öðru... annars eru komandi kynslóðir í

ekkert sérstaklega góðum málum.

Góðar stundir.

Róbert Haraldsson, grunnskólakennari og foreldri, Siglufirði.